

**14. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 10. ágúst í fjarfundakerfinu Zoom.**

**Fundurinn hófst kl. 9.00.**

Mættir eru: Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Gauti Jóhannesson, Aðalheiður Borgþórsdóttir og Hildur Þórisdóttir.

Vilhjálmur Jónsson, Stefán Bogi Sveinsson og Elvar Snær Kristjánsson boðuðu forföll.

Geirlaug Jóhannsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

**1. Ráðning í störf hjá sameinuðu sveitarfélagi**

Björn upplýsti að komið er á munnlegt samkomulag við Hugrúnu Hjálmarsdóttur og Sigrúnu Hólm Þórleifsdóttur um annars vegar starf Framkvæmda- og umhverfisstjóra og hins vegar starf Verkefnastjóra mannauðsmála.

Geirlaug upplýsti að hún hafi rætt við fleiri einstaklinga um starf Verkefnastjóra rafrænnar þróunar og þjónustu í ljósi þess að sá umsækjandi sem metinn var hæfastur dró umsókn sína til baka.

Framkvæmdahópurinn og ráðgjafi hafa átt viðtal við Gunnar Val Steindórsson og leggur til að honum verði boðið starfið. Geirlaug fór yfir rökstuðning fyrir ráðningu Gunnars í starf Verkefnastjóra rafrænnar þróunar og þjónustu.

Samþykkt samhljóða að bjóða Gunnari Vali starfið.

Fljótsdalshérað mun ganga frá ráðningarsamningum við starfsmennina fyrir hönd sameinaðs sveitarfélags og munu þau koma til starfa á næstu tveimur mánuðum.

Sveitarstjórar og Geirlaug véku af fundi.

**2. Yfirlýsingar um sameiginlegan skilning vegna starfsloka sveitarstjóra hjá eldri sveitarfélögum og starfs hjá sameinuðu sveitarfélagi**

Framhald frá 11. fundi Undirbúningsstjórnar.

Róbert kynnti tillögur að yfirlýsingum um sameiginlegan skilning sveitarstjóra og Undirbúningsstjórnar vegna starfsloka sveitarstjóra og starfa hjá sameinuðu sveitarfélagi og lagði til að Undirbúningsstjórn og sveitarstjórar undirriti þær.

Fram kom ábending um að 8. töluliður í áætluðum verkefnum fulltrúa sveitarstjóra væri óljós. Þar segir að áætlað er að starf fulltrúa sveitarstjóra sé 50% stöðugildi á móti öðru hlutverki í starfsemi sveitarfélagsins.

Helgi Hlynur, Hildur og Bergþóra leggja fram eftirfarandi bókun.

*Við undirrituð höfnum þeirri aðferðafræði sem viðhöfð er í þessu máli og teljum að Undirbúningsstjórn sé komin langt út fyrir sitt umboð.*

Þorbjörg vék af fundi kl. 10 og kom aftur kl. 10.30.

Róbert bar tillögurnar upp til atkvæða. Þrír voru með og tveir á móti. Tveir sátu hjá.

### **3. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar**

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 10:30.